

Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

09. tbl. • September 2002

Nýtt vefsvæði um gæðastjórnun



Á vefsetri Samtaka iðnaðarins hefur verið opnað nýtt vefsvæði undir léninu gsi.is tileinkað gæðastjórnun iðnaðarins.

Þar verða birtar upplýsingar um hvað félagsmönnum Samtakanna stendur til boða varðandi aðstoð við innleiðingu gæðastjórnunar á hverjum tíma.

Þar verður einnig að finna fréttir af framþróun gæðastjórnunar, fróðleik, viðtöl, tilkynningar um námskeið og annað áhugavert sem varðar gæðastjórnun.

Í framtíðinni verður birtur listi á vefsvæðinu yfir þau fyrirtæki sem hafa vottaða framleiðslu, vottuð gæðakerfi eða eru með viðurkenningu SI um virka gæðastjórnun.

Merki hefur verið komið fyrir á vefsetri Samtaka iðnaðarins (www.si.is) en þar er stikla á vefsvæði gæðastjórnunarinnar.

Á nýja vefsvæðinu er m.a. vakin athygli á námskeiðum sem haldin verða á næstu misserum í samstarfi við marga helstu opinbera verkkaupa landsins. Á námskeiðunum verður fjallað um auknar og samræmdar kröfur þessara verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir.



Stiklan inn á vefsvæðið

Ferdinand Hansen

Iðnmark ehf. hlýtur umhverfisviðurkenningu Hafnarfjarðarbæjar



Jóhanna Dagbjartsdóttir aðstoðarframkvæmdastjóri og Dagbjartur Björnsson framkvæmdastjóri

Iðnmark ehf. fluttist í glænýtt og rúm-gott húsnæði að Gjótuhrauni 5 í Hafnarfirði í lok síðasta árs.

Fyrirtækið hefur gengið einstaklega vel og snyrtilega frá öllu umhverfi hússins, lóðin er malbikuð og kringum húsið hafa verið lagðar hellur og blómgróður og

runnar gróðursettir. Aðkoma og umgengi við húsið hafa vakið athygli bæjaryfirvalda í Hafnarfirði sem veittu fyrirtækinu nýlega umhverfisviðurkenningu fyrir snyrtimennsku. Samtök iðnaðarins óska Iðnmarki hjartanlega til hamingju með þessa verðskulduðu viðurkenningu.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Meðal efnis:

Þörf á áframhaldandi lækkun
vaxta

Ritstjórnargrein 2



Íslenskur heilbrigðistækni iðnaður
á réttri braut 3

Ömmubakstur efh. 50 ára 3

Matvæladagur MNÍ 2002 5



Rafræn viðskipti auka hagkvæmni
og skapa ný tækifæri

Viðtal við Stefán Jón Friðriksson 6



Þörf á áframhaldandi lækkun vaxta

Nýverið sendi stjórn SI frá sér ályktun um þörf fyrir áframhaldandi lækkun vaxta. Rökkin, sem liggja að baki ályktuninni, eru þau að vaxtastigið sé allt of hátt miðað við núverandi efnahagsástand og áhrif stóriðjuframkvæmda á komandi misserum.

Þrefaldir vextir

Verðbólgan hefur minnkað og er komin inn fyrir vikmörk Seðlabankans. Háir vextir, styrking krónunnar og samstillt átak aðila vinnumarkaðarins hafa lagst á eitt við að tryggja það. Vissulega er það jákvætt fyrir efnahagslífið að endurheimta verðstöðugleikann en Seðlabankinn þarf einnig að geta þess að ganga ekki of nærri undirstöðum efnahagslífsins, fyrirtækjum í atvinnurekstri og þeim sem þar starfa, með of langvarandi aðhaldi í peningamálum. Stýrivextir á Íslandi (7,9 prósent í ágúst),

eru enn þrefald hærri en samvegið vaxtastigið í viðskiptalöndum okkar (2,7 prósent).



Raunvextir og raungengi hækka

Um leið og verðbólgan minnkar hafa raunvextir hækkað. Þetta er vegna þess að þótt Seðlabankinn hafi lækkað stýrivexti í mörgum litlum skrefum, hefur enn hraðar dregið úr verðbólguvæntingum, eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Raunvextir, sem er munurinn á þessu tvennu, eru nú um 6 prósent en það samræmist engan veginn ástandi efnahagslífsins um þessar mundir. Landsframléiðslan, og sérstaklega innlend eftirspurn, hafa dregist hratt saman frá ársbyrjun 2001. Þá hefur krónan styrkst á árinu en það ásamt hækkan á innlendu verðlagi hefur á ný rýrt samkeppnisstöðu innlendra fyrirtæka í alþjóðlegri samkeppni. Með öðrum orðum raungengið hefur hækkað á ný. Nýlegar tölur benda til þess að ábatinn í erlendum viðskiptum sé byrjaður að ganga til baka. Þar sem peningastefnan hefur áhrif í allt að átján mánuði er miðað við þessar forsendur ekki að vænta sterkra uppsveiflu á komandi misserum. En þá er eðlilegt að spurt sé hverju fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir breyti?

Svigrúm til framkvæmda

Þær raddir hafa heyrst að nauðsynlegt sé að stöðva ferli vaxtalækkana og jafnvel hækka vexti til að sporna gegn þensluáhrifum álsvers- og virkjanaf framkvæmda. Verði af öllum framkvæmdum má vel vera að spenna myndist í efnahagslífinu á ný. En þá ber að huga að því að þeirra áhrifa mun ekki gæta strax. Vegna núverandi


slaka má segja að tímasetning framkvæmdanna sé góð og að svigrúm sé til að hefja framkvæmdir án þess að ógna verðstöðugleika. Þá er fyrir séð að framkvæmdirnar dreifast á nokkur ár sem mun valda minni spennu en ella. Þá er mögulegt að innflutt vinnuafli mildi áhrifin á vinnumarkaðinn. Þar að auki er enn töluverð óvissa um hvort öll áform í þessa veru rætist. Það er því allt of snemmt að draga þá ályktun að hagkerfið ofhitni á komandi misserum og að herða þurfi ólarnar á ný.

Ályktun stjórnar SI

Stjórn SI telur að miðað við núverandi raunvaxta- og raungengisstig sé fremur hættu á að hagvöxtur verði of lítil á komandi misserum. Til að sporna gegn því er áriðandi að lækka vexti á komandi mánuðum. Það mun einnig auka svigrúm Seðlabankans til að hækka vexti þegar þess gerist þörf.

Við núverandi aðstæður er brýnt að lækka vexti. Með því að létta byrðar skuldsættra heimila og fyrirtækja, mun það jafnframt styrkja undirstöður fjármálakerfisins og leggja grunn að meiri þjóðhagslegum sparnaði, fjárfestingu og sjálfbærum hagvexti á komandi árum.

Þorsteinn Þorgeirsson
bagfræðingur SI



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

09. töl. September 2002

ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 28.09. 2002

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, e-mail:thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritsjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfarsráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er fjárlast að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Íslenskur heilbrigðistækniíðnaður á réttri braut

Á síðasta ársfundi Heilbrigðistæknivettvangs fyrir á þessu ári var kynnt skýrsla sem Ólafur Sigurðsson vann fyrir vettvanginn um efnahagsleg áhrif heilbrigðis- og líftækni á íslenska hagkerfið. Þar kemur m.a. fram að Heildarvelta íslenskra fyrirtækja og dótturfyrirtækja þeirra erlendis nam á síðasta ári um 30 milljörðum og hefur vaxið að með-altali um 35% á ári sl. 5 ár.

Nýr mættarstólpi í hagkerfinu

Af tölum má ráða að nærri 2% af vinnuafli þjóðarinnar starfi beint eða óbeint við heilbrigðisíðnað eða um 3.300 manns. Margt bendir því til þess að eftir nokkur ár verði heilbrigðisíðnaður ásamt tölvu og tölvuþjónustu, einn af mættarstólpum hagkerfisins með sambærilega veltu og fyrirtæki í fiskveiðum og málmbræðslu. Þótt bjartsýni ríki um framtíðarhorfur þessa íðnaðar er rétt er að taka fram að á síðasta ári var afkoma 8 stærstu fyrirtækjanna í þessari grein neikvæð um rúma tvo milljarða króna. Ef aðeins eru skoðuð þau fyrirtæki, sem rekin voru með hagnaði, er samanlagður hagnaður þeirra um 1,7 milljarðar króna. Ekkert bendir hins vegar til annars en að heldur dragi úr heildartapinu því að framlegð þeirra fyrirtækja, sem skila hagnaði, hefur verið að aukast. Nýlegt hálfárs uppgjör lyfjafyrirtækjanna lofar t.d. mjög góðu.

Góðir möguleikar á sviði heilbrigðistækni

Í skýrslu verkefnisstjórnar Heilbrigðistæknivettvangs segir meðal annars að iðnaður í heilbrigðistækni eigi sér ekki langa sögu hér á landi. Árangurinn sýni þó, svo að ekki verði um villst, að Íslendingar eigi góða möguleika á því sviði. Íslenska heilbrigðiskerfið sé meðal þeirra bestu sem þekkjast í heiminum. Þar starfi sérfræðingar sem hlotið hafi menntun um allan heim og hafi mjög mikla yfirsýn. Við eigum einnig margt vel menntað fólk í tækni- og iðngreinum sem geti sinnt rannsóknnum og þróun. Afar mikilvægt sé að skapa rétt skilyrði til að nýta krafta þess til að efla íslenskt atvinnulíf.

Stórviðburður á sviði heilbrigðistækni og vísinda

Heilbrigðistæknivettvangurinn tekur þátt í margvíslegu erlendu samstarfi og stóð í sumar í samvinnu við Samtök iðnaðarins, fyrir fyrstu alþjóðlegu tæknisýningunni á þessu sviði í tengslum við ráðstefnuna 12NBC sem haldin var í Vetrargarðinum í Smáralind dagana 19. til 21. júní. Sýningin bar heitið Health Technology Science Exhibition 2002. Ráðstefna 12NBC var hin tólfta í röðinni og hefur verið haldin reglulega síðan 1970. Vel á annað hundrad erlendir gestir sóttu ráðstefnuna og sýninguna og tóku þátt í fyrirtækjastefnumótun og samstarfsfundum sem haldnir voru í tengslum við þessa atburði.

Norrænn heilbrigðistæknivettvangur

Meðal þess, sem rétt var á samstarfsfundum, var hugsanleg stofnun norræns heilbrigðistæknivettvangs. Ljóst er að mikill áhugi er á stofnun slíks samstarfsnets til að efla starf lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sviðinu. Ákveðið var að vinna nánari verklýsingu fyrir slíkan vettvang á næstu mánuðum.

Betri lausnir til að auka lífsgæði og lífslíkur sjúklinga

Íslenski heilbrigðistæknivettvangurinn var formlega stofnaður árið 2000 og er samstarfsgrundvöllur fyrirtækja og stofnana á sviði heilbrigðistækni. Hann auð-

framhald á bls. 7

Ömmubakstur ehf. 50 ára

Friðrik Haraldsson, bakameistari áttæður



Ljósmynd: Jim Smart

Ömmubakstur ehf., eða Bakari Friðriks Haraldssonar eins og það hét áður, varð 50 ára á árinu en Friðrik Haraldsson, bakameistari og stofnandi fyrirtækisins varð áttæður 9. ágúst. Ömmubakstur er elsta starfandi fyrirtæki í Kópavogi og auk þess að reka fyrirtækið hafa Friðrik og kona hans, Steina Margrét Finnsdóttir, alla tíð tekið ríkan þátt í félagsstarfi í Kópavogi.

Í tilefni þessara tímamóta bauð bæjarstjórn Kópavogs Friðriki, fjölskyldu hans og starfsfólki til veislu í félagsheimili Kópavogs. Þar var þess minnst að hjón-

in byrjuðu að baka flatkökur í eldhúsinu heima hjá sér skömmu eftir að þau fluttust í Kópavoginn árið 1952. Flatkökurnar urðu fljótt afar eftirsóttar og hefur fyrirtækið vaxið og dafnað með Kópavogsbæ æ síðan en íbúafjöldi Kópavogs hefur tífaldast á þessum 50 árum. Í máli bæjarstjórnar og annarra sem tóku til máls kom glögg fram hvað fyrirtækið nýtur mikilla vinsælda og virðingar í bænum. Samtök iðnaðarins senda Friðriki og fyrirtæki hans og fjölskyldu hugheilar árnaðaróskir í tilefni þessara tímamóta.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Kynningarfundur um stofnun starfs- greinahóps í heilbrigðistækni

Fundurinn var haldinn í Smáralind fyrr í sumar og sóttu hann um 20 manns. Frummælendur voru Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Egill Jónsson, framleiðslustjóri Össurar hf., Egill Mátsson, framkvæmdastjóri Taugagreiningar hf. og Guðmundur Ásmundsson, umsjónarmaður starfs- greinahóps í upplýsingatækni innan SI.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI kynnti sögu og starfsemi Samtakanna og sagði m.a. að markmið þeirra væri að þjóna og gæta hagsmuna íslensks iðnaðar innanlands sem utan en best tækist til þar sem fyrirtæki eða starfsgreinahópar mynda þéttan kjarna utan um áhugasaman starfs- mann og hafa skýra stefnu. Sveinn sagði að heilbrigðistæknigreinin stæði nú í svipuðum sporum og upplýsingatækni- iðnaðurinn fyrir 10 árum. Þá hefðu menn í þeirri grein haft lítið samband sín í milli og ekki rætt hagsmunamál sín. Þeir hefðu lítið hverjir á aðra sem keppinauta en það hefði smám saman breyst til batnaðar. Sveinn taldi að nú væri tímabært að menn á heil- brigðistækni sviði ræddu meira saman um hagsmunamál greinarinnar og stofnuðu starfsgreinahóp í heilbrigðistækni- iðnaði því að samvinnan efli Samtökin sem þrýstihóp til að bæta starfsumhverfið.

Góð reynsla Össurar hf. af þátttöku í starfi innan SI

Egill Jónsson, framleiðslustjóri Össurar, rakti sögu fyrirtækisins í stuttu máli og hvernig það hefði þróast. Það væri nú framsækið alþjóðlegt hátæknifyrirtæki og væri orðið annar stærsti framleiðandi stöð- tækja í heiminum og velti 8 milljörðum króna á ári.

Egill gat þess m.a. að mikilvægi öflugra hagsmunasamtaka væri iðulega vanmetið og samvinna fyrirtækja og miðlun reynslu sömuleiðis. Hann taldi lítinn eðlismun á litlum, meðalstórum og stórum fyrirtækj- um þar eð almenn starfskilyrði skiptu öll fyrirtæki miklu máli og þá ekki síst stöð- ugleiki, lækun skatta, uppgjör í erlendra mynt og svo framvegis. Þá gerði hann iðn, verk- og tæknimenntun að umtalsefni og sagði stöðu iðnmenntunar vera sérstakt áhyggjuefni. Spurningunni hvort heil- brigðistækni fyrirtæki eigi að starfa saman svaraði Egill á þann veg að það sem ætti við um Össur hf. ætti við um aðra. Fyrirtækin ættu margra sameiginlegra hags- muna að gæta og samkeppni ætti ekki að standa í vegi fyrir samvinnu. Samtökin væru vettvangur samvinnu og Össur hf. hefði verði félagi í SI í allmörg ár og þau hefðu lagt fyrirtækinu mjög gott lið.

Fyrirtæki í heilbrigðistækni- iðnaði snúa bókum saman

Egill Mátsson, framkvæmdastjóri Tauga- greiningar hf. ræddi um mikilvægi sam- starfs fyrirtækja á sviði heilbrigðistækni.

Hann taldi brýnt að heilbrigðistækni- fyrirtæki stæðu vörð um sameiginlega hagsmuni sína s.s. starfsskilyrði og menntamál. Hann nefndi sem dæmi að reglugerðum um lækningatæki fjölgaði í sífellu og kröfur um hvers kyns öryggis- prófanir ykjust jafnt og þétt. Tilhögun varðandi endurgreiðslur trygginga, sem væru eitt sterkasta markaðsaflíð, væru afar mismunandi milli landa. Auk þess þyrfti mjög víða erlendis að afla markaðsleyfa en þekking á öflun slíkra leyfa væri ekki mjög aðgengileg. Varðandi markaðsdröfingu sagði Egill að umboðsmannanet væru algengust og sérhæfing mikil en persónuleg tengsl réðu miklu. Þessar ástæður væru meðal annars næg rök fyrir því að heil- brigðistækni fyrirtæki ættu að snúa bókum saman því að samstaðan lækkaði þrösk- ulda, rök fyrir einangrun væru engin og samkeppni ætti ekki að vera fyrirstaða samavinnu.

Sameiginlegur slagkraftur bætir starfsumhverfið

Guðmundur Ásmundsson, umsjónar- maður starfsgreinahóps í upplýsingatækni- iðnaði, lýsti skipulagi, helstu markmiðum og verkefnum hópsins.

Hann gat þess m.a. að ut-iðnaðurinn væri orðinn ein stærsta og arðvænlegasta atvinnugreinin hér á landi með þúsundir vellaunaðra starfsmanna en greinin veltir nú rösklega 50 milljörðum króna á ári. Guðmundur sagði góð starfsskilyrði, já- kvætt viðhorf, skilning stjórnvalda og öflugt menntakerfi vera lykilatriði fyrir greinina. Hópurinn legði m.a. mikla áherslu á að sköpuð yrðu samkeppnishæf starfsskilyrði og grundvöllur fyrir öflugan útflutning á íslensku hugviti. Áhrif grein- arinnar hefðu aukist verulaga og hún ætti nú fulltrúa í helstu nefndum og ráðum sem fjalla um ut-iðnað. Ekki væri annað séð en að almenn sátt væri um fyrirkomulag hags- munagæslu greinarinnar en frá formlegri stofnun hópsins árið 2000 hefur aðildar- fyrirtækjum fjölgað úr 10 í 35 að sögn Guðmundar.

Ráðgert er að vinna frekar að undirbún- ingi starfsgreinahóps í heilbrigðistækni- iðnaði á haustdögum og að halda stofnfund hópsins að þeim undirbúningi loknum.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Matvæladagur MNÍ 2002

Matvælaeftirlit – horft til framtíðar

Matvæladagur MNÍ verður haldinn föstudaginn 18. október í Hvammi, Grand Hótel Reykjavík og er yfir- skriftin að þessu sinni: Matvælaeftirlit – horft til framtíðar.

Dagskráin hefst kl. 13:00 með ávarpi Sívjar Friðleifsdóttur, umhverfisráðherra. Erindi flytja Jón Gíslason, Eftirlitsstofn- un EFTA, Andrew Wadge, Matvæla- staðlaráði Bretlands, Steinþór Skúlason, Sláturfélagi Suðurlands, Friðrik Blomster-

berg, SÍF, Halldór Runólfsson, yfir- dýralæknir og fulltrúar neytenda og heil- brigðisyrivalda. Í lokin verða pallborðs- umræður um stöðu matvælaeftirlits á Íslandi. Ráðstefnustjóri verður Ragn- heiður Héðinsdóttir, SI. Ráðstefnuslit eru áætluð kl. 17:00. Á Matvæladaginn verður að venju afhent Fjöregg MNÍ fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunagripinn.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Viðtal við Stefán Jón Friðriksson, rekstrarhagfræðing og framkvæmdastjóra ICEPRO

Rafræn viðskipti auka hagkvæmni og skapa ný tækifæri

Íslendingar státa af því að standa fremstir þjóða í notkun Netsins og upplýsingatækni. Þá hafa rafræn viðskipti verið að ryðja sér til rúms hér á landi undanfarin ár. Þótt nokkuð hafi dregið úr umræðu um rafræn viðskipti og væntingum til þeirra, einkum eftir að „netbólán“ svonefnda hjaðnaði, er enginn efi í huga Stefáns Jóns Friðrikssonar, framkvæmdastjóra ICEPRO, um að rafræn viðskipti verði helsti viðskiptahátturinn í nánustu framtíð. Hann segir hins vegar að miklu betur þurfi að styðja við grunnþætti þeirra en nú sé gert.

Skjalasendingar milli tölva skapa hagræði

Að sögn Stefáns hafa staðlaðar skjalasendingar milli tölva verið stundaðar vel á annan áratug hér á landi en viðskiptabankarnir og samgöngufyrirtæki voru meðal þeirra fyrstu sem nýttu sér EDI (Electronic Data Interchange) til upplýsingaskipta í stað símbréfa, telex og almenns pósts á 9. áratugnum. Með EDI átti ekki lengur að vera þörf á að skrá sömu upplýsingar margsinns fyrir hver einstök viðskipti. „Það sem hamlaði þó útbreiðslunni fyrst í stað var skortur á staðlaðri framsetningu upplýsinga. Þá var aðeins á færi stærstu fyrirtækja með margar viðskiptafærslur að nota EDI á hagkvæman hátt. Þótt hugmyndafræðin væri einföld og tæknilega möguleg skorti ýmislegt á til að þessi sýn yrði að veruleika. Upp úr því vaknaði áhugi í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera að stofna til vettvangs á Íslandi sem gæti fylgst með og samræmt þessi mál,“ segir Stefán.

Alþjóðlegur skeytastaðill

Stefán segir að þáttaskil hafi orðið í lok 9. áratugar þegar Efnahagsstofnun Evrópu, sem starfar innan vébanda Sameinuðu þjóðanna, gaf út alþjóðlegan skeytastaðal – UN/EDFACT. Staðallinn lýsir uppbyggingu og innihaldi viðskiptaskeyta til notkunar í rafrænum viðskiptum fyrir flestar tegundir fyrirtækjaviðskipta, banka sem opinberra stofnana. „Hérlandis vantaði þá aðila til að einfalda, samræma og

greina þarfir íslensks atvinnulífs og stjórnvalda gagnvart hinum nýja staðli og kynna og fræða almenning og fyrirtæki um gagnsemi rafrænna viðskipta. Viðskiptaráðuneytið, hafði þess vegna frumkvæði að stofnun ICEPRO, nefndar um bætt verklag í viðskiptum, í samvinnu við samtök í atvinnulífinu eins og Verslunar-ráð Íslands og þáverandi Landssamband iðnaðarmanna og Vinnuveitendasamband Íslands, en síðar breyttist undirtitillinn í nefnd um rafræn viðskipti.

Dýrmætur samstarfsvettvangur atvinnulífs og hins opinbera

Nefndin hóf brátt samstarf við systurnefndir sínar nefndir í Evrópu og tók þátt í starfi á vettvangi Staðlastofnunar Evrópu (CEN) og allsherjarnefndar á vegum CEFACT og SP enda er einn af hornsteinum í starfi nefndarinnar að styðjast við alþjóðlegar verklagsreglur.”

Stefán segir ICEPRO vera einstakan samstarfsvettvang atvinnulífs og hins opinbera um sameiginlegt hagsmunamál, þ.e. að einfalda og samræma viðskiptahætti milli fyrirtækja og opinberra stofnana. Nefndin hafi hin síðari ár notið framlags af fjárlagalið viðskiptaráðuneytis og með aðildargöldum um 70 fyrirtækja og stofnana. Það nægi til að halda úti rekstri skrifstofu en hún er til húsa hjá Verslunarráði Íslands. Formaður nefndarinnar frá upphafi er Karl F. Garðarsson, forstöðumaður stjórnsýslusviðs Tollstjórans í Reykjavík, en þess má einnig geta að Guðmundur Ásmundsson, sem m.a. fer með málefni upplýsingatækni hjá Samtökum iðnaðarins, hefur setið í framkvæmdastjórn hennar um árabíl. Stefán segir þessa tengingu stjórnvalda og atvinnulífsins afar dýrmæta.

Stöðlun og samræming lykilatriði

Stefán segir að viðskipti milli tölva séu þess eðlis að ekki nægi að skiptast á viðskiptagögnum á hvaða formi sem er. Uppbygging þeirra, samræmd og nákvæm viðmið um hvað það er sem fara skal á milli skiptir höfuðmáli til að tölvur og hin ólíku viðskiptaforrit þeirra „skilji“ það sem þeim fer á milli. Á upphafsárunum var starfsemin einkum fólgin í að taka UN/EDI-



FACT skeytin til skoðunar og ýmsar einfaldaðar útgáfur þeirra og laga að þörfum íslensks viðskiptalífs. Þá var nauðsynlegt að hefja umræðu og gera úrbætur á ýmsum þáttum sem snertu lagalega stöðu rafrænna viðskipta og bæta tæknilegar forsendur og flutningsgetu og þjónustu fjarskiptafyrirtækja. Í því skyni voru stofnaðir nokkrir umræðuhópar á vegum ICEPRO.

Fjöldi íslenskra fyrirtækja og stofnana hefur tekið upp rafræn viðskipti

Stefán segir að ef nefna ætti til eina stofnun megi segja að Tollstjóraembættið í Reykjavík og þar áður Ríkistollstjóri hafi rutt brautina innan íslenskrar stjórnsýslu hvað EDI og rafræna þjónusta varðar en bankarnir og kortafyrirtækin hafi einnig gert marga góða hluti í þessu efni. „Um þessar mundir skiptast um 400 fyrirtæki á EDI skeytum við tollstjóra og sýslumannsembættin víðs vegar um landið en þar að auki eru um 500 aðilar sem senda skýrslur sínar rafrænt og milliliðalaust til tollstjóra með aðgangi á vefnum. Í dagvöruverslun er EDI einnig allsráðandi. Verslunarkeðjurnar Baugur, Kaupás og Samkaup og flest stærstu fyrirtækin í matvælaíðnaði, svo sem Mjólkursamsalan og Sláturfélag Suðurlands, hafa átt EDI viðskipti sín á milli um árabíl.

Íslendingar meðal fremstu þjóða í rafrænum viðskiptum

Að sögn Stefáns hafa yfir 500 íslensk fyrirtæki nú getu til að stunda stöðluð EDI viðskipti. „Í samanburði við aðrar þjóðir er það með því besta sem gerist, ekki síst þegar haft er í huga að flest fyrirtæki hér-

frambald bls. 6



Samtök iðnaðarins hafa um nokkurra ára skeið beitt sér fyrir því að vinnustaðakennsla verði endurskipulögð í samræmi við þarfir fyrirtækja og í takt við aðra framhaldsskólakennslu. Á vegum Samtakanna hefur starfað vinnuhópur sem sendi á sínum tíma frá sér greinargerð um það.

(Sjá: www.si.is/utgafa/ymis/PDF-skrar/vinnustadakennsla.pdf)

Í framhaldi af greinargerð Samtakanna skipaði menntamálaráðherra starfshópur um málið og áttu sæti í honum fulltrúar menntamálaráðuneytis og SI. Sá starfshópur skilaði lokaskýrslu til menntamálaráðherra 5. júlí síðastliðinn.

Tilraun um vinnustaðakennslu

Starfshópur um nýskipan vinnustaðakennslu skilar skýrslu til menntamálaráðherra

Verkefni hópsins, skv. bréfi ráðherra, var að fjalla um fyrirkomulag vinnustaðakennslu og fjárhagslega ábyrgð á því. Skv. bréfinu er verkefnið tvískipt:

- Að skilgreina viðfangsefnið og gera tillögur um meginþætti sem mfn. og SI fjalli um sameiginlega.
- Að gera tillögur um leiðir til að koma þeim þáttum í framkvæmd sem aðilar verða sammála um.

Starfshópurinn skilaði greinargerð (áfangaskýrslu) varðandi A-lið 1. nóv. 2001. Í minnisblaði til fulltrúa mfn. í starfshópnum hvatti þáverandi menntamálaráðherra til áframhaldandi vinnu við verkefnið, sem sé að útfæra B-lið.

Í lokaskýrslunni leggur starfshópurinn til að gerð verði tilraun um nýskipan vinnustaðakennslu í völdum greinum og skuli tilraunin vara í fjögur ár. Niðurstöður tilraunarinnar verða grundvöllur tillagna um fyrirkomulag vinnustaðanáms og kennslu í framtíðinni, þ.m.t. varðandi fjárhagslega ábyrgð.

Núna greiða fyrirtækin að fullu kennslu nema á vinnustað. Vinnustaðakennslan er eins og kennsla í skóla, hluti af lögbundnu iðnnámi. Fjárveitingarvaldið greiðir að fullu kennslu í skólum en ekki á vinnustaðum. Samtök iðnaðarins vilja að stjórnvöld axli ábyrgð á vinnustaðakennslu með hliðstæðum hætti og kennslu í skólum. Með þeim hætti gefst tækifæri til þess að gera auknar kröfur um kennsluhætti í fyrirtækjum og mennta enn betri iðnaðarmenn.

Gert er ráð fyrir því að kostnaður af tilrauninni verði 14 milljónir króna og skipti ráðuneyti og fyrirtæki honum milli sín samkvæmt samkomulagi.

Þess er að vænta að menntamálaráðherra taki ákvörðun í þessu máli innan skamms.

Ingi Bogi Bogason

Framhald af bls. 5

Viðtal við Stefán Jón Friðriksson, rekstrarhagfræðing, framkvæmdastjóra ICEPRO

lendis eru skilgreind sem lítil eða meðalstór. Ástæðan er sennilega sú að Íslendingar eru nýjungagjarnir og búa yfir mikilli þekkingu og vilja til að nýta upplýsingatæknina." Stefán fullyrðir að kostnaður við rekstur upplýsingakerfa sé vel við unandi í samanburði við það sem gerist annars staðar. Hitt sé svo annað mál hvort menn fjárfesta í réttu hlutunum. Þrátt fyrir þetta mætti útbreiðslan vera enn meiri og getu viðskiptakerfa mætti nýta miklu betur miðað við ávinninginn sem af hlýst.

Stöðluð fyrirtækjavíðskipti á Netinu í deiglu

Stefán segir að fyrirtæki noti Netið í æ ríkari mæli og nýjar hugbúnaðarlausnir og tengimöguleikar viðskiptakerfa komi stöðugt fram. „Við hjá ICEPRO höfum fylgst náið með þessari þróun og höfum raunar

nýverið lokið fyrsta tilraunaverkefni okkar á því sviði í samstarfi við Dímón hugbúnaðarhús. Það byggist á notkun XML málskipunar og alþjóðlegum tæknilysingum en þær munu, þegar fram í sækir, gera fyrirtækjum kleift að eiga víðskipti við hvaða fyrirtæki sem er, hvar sem er í heiminum. Tilraunafyrirtækin í þessu verkefni voru Mjólkursamsalan í Reykjavík og Hagkaup. Verkefnið tókst afar vel og fyrirtækin verða farin að skipast á pöntunum og reikningum á Netinu í haust. Við hyggjumst nýta reynsluna af þessu verkefni og fleirum, sem eru í bígerð, til frekari þróunar og laga það að fleiri atvinnugreinum.“

Sameiginlegt hagsmunamál fyrirtækja, hagsmunasamtaka og stjórnvalda

Stefán velkist ekki í vafa um að vöxtur

og viðgangur rafrænna víðskipta haldi áfram á næstu árum. „Þegar fram í sækir verður Netið stærsti farvegur víðskipta milli fyrirtækja og pappírreikningar munu víkja smám saman þótt þeir hverfi ekki alveg. Mönnum verður æ betur ljós ávinningurinn af rafrænum víðskiptum og betri nýtingarkostir upplýsingakerfa fyrirtækja í þessu skyni en til að þessi leið verði raunhæfur kostur fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum verður að styrkja undirstöðurnar enn frekar. Lagalegar forsendur eru fyrir hendi og fara síbatnandi og öryggi þessa víðskiptamáta er síst minni en pappírsvíðskipta. Hins vegar þarf að efla enn frekar samstarf fyrirtækja og atvinnugreina um að samræma víðskiptaskjöl og samtengingar ólíkra víðskiptakerfa. Stöðluð og samræming þessara þátta er lykilatriði til að við getum skipað okkur í fremstu röð í þessu efni og stjórnvöld, fyrirtæki, hagsmunasamtök og þjónustuaðilar þurfa að vinna sameiginlega að því markmiði,“ segir Stefán að lokum.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Verðbréfafyrirtækið Virðing:

Sérhæfð verðbréfamiðlun og eignaumsýsla

Verðbréfafyrirtækið Virðing hf. sérhæfir sig í miðlun húsbrefa og fasteignatryggðra veðskuldabréfa fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Jafnframt annast Virðing eignaumsýslu með innlend verðbréf fyrir stofnanafjórfa. Nú starfa þrjú starfsmenn hjá fyrirtækinu; tveir á sviði verðbréfamiðlunar og einn á sviði eignaumsýslu.

Fjölgar í hluthafahópnum

Virðing var stofnuð fyrir tæpum þremur árum en stofnendur þess voru Sameinaði lífeyrissjóðurinn og lífeyrissjóðurinn Líf-íðn. Að sögn Gunnars Árnasonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, fjölgaði hluthöfum fyrir hluta árs 2001 með hlutabréfakaupum stéttar- og aðildarfélaganna sem standa að lífeyrissjóðunum tveimur. „Við þessa breytingu minnkaði eignarhlutur hvors lífeyrissjóðs í 15% en lög um lífeyrissjóði kveða á um að eigi sjóður meira en 15% eignarhlut í félagi megi viðkomandi félag eingöngu starfa fyrir hann. Með hlutabréfakaupum stéttar- og aðildarfélaganna gafst tækifæri til að starfa fyrir fleiri aðila en lífeyrissjóðina tvo sem stofnuðu félagið. Í nóvember sl. hlaut Virðing starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki,” segir Gunnar.

Miðlun veðskuldabréfa og húsbrefa

Að sögn Gunnars hefur Virðing rekið verðbréfamiðlun frá upphafi og lagt áherslu á miðlun fasteignatryggðra veðskuldabréfa og húsbrefa. Þjónusta Virðingar á sviði veðskuldabréfa felur í sér milligöngu um viðskipti en hún er m.a.



Starfsmenn Virðingar frá vinstri: Gunnar Árnason, framkvæmdastjóri, Unnur Sigfúsdóttir, viðskiptafræðingur og Ólafur Sigurðsson, forstöðumaður eignaumsýslu

fólgin í því að útgefendur fasteignatryggðra veðskuldabréfa í atvinnu- og íbúðarhúsnæði leita til Virðingar sem tekur að sér að finna fjórfa sem áhuga hafa á að kaupa þá tegund verðbréfa. Í því efni nýtur Virðing góðs af nánu sambandi sínu við stofnanafjórfa en hérlendis eru lífeyrissjóðir stærsti kaupendahópur fasteignatryggðra veðskuldabréfa. „Öll umgjörð um starfsemi Virðingar er með einfaldasta hætti sem ásamt sérhæfingu á þessu sviði kemur viðskiptavinum fyrirtækisins til góða á margan hátt, s.s. skjótvirk afgreiðsla mála og markviss verðlagning hvað varðar vaxta- og þóknakjör. Með þessum hætti hefur Virðing haft milligöngu um útgáfu veðskuldabréfa á nýbyggingar sem oft á tíðum leysir af hólmi skammtímafjármögnun og útgáfu

veðskuldabréfa vegna endurfjármögnunar eldri lána sem af einhverjum orsökum henta lántakanda ekki lengur. Til Virðingar leita jöfnum höndum aðilar sem hafa hug á að gefa út veðskuldabréf í íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði,” segir Gunnar.

Rafræn skráning verðbréfa eykur viðskipti

Virðing hefur jafnframt sérhæft sig í miðlun húsbrefa. Lögð hefur verið áhersla á að bjóða ávallt hagstæðasta verð á hverjum tíma fyrir ný húsbref. Gunnar segir að þóknarir í slíkum viðskiptum kunni að vera breytilegar frá einum aðila til annars en aðalatriðið sé að bera saman útborgaðar fjárhæðir t.d. pr. 1 mkr. nafnverðs þegar gerður er verðsamanburður. Virðing hvetur einstaklinga jafnt sem fyrirtæki til að bera saman verð við sölu húsbrefa. Með tilkomu rafrænnar skráningar verðbréfa á borð við húsbref hefur allt viðskiptaferlið einfaldast til muna.

Eignaumsýsla fyrir stofnanafjórfa

„Fyrirtækið hefur sinnt eignaumsýslu frá því í apríl en forstöðumaður þess sviðs er Ólafur Sigurðsson, viðskiptafræðingur og löggiltur verðbréfamiðlari. Þar er eingöngu um að ræða vörslu og stýringu fjármuna fyrir stofnanafjórfa og nú annast Virðing umsýslu innlendra hluta- og skuldabréfa fyrir Sameinaða lífeyrissjóðinn og lífeyrissjóðinn Lífíðn,“ sagði Gunnar að lokum.

David Láundriksson

Framhald af bls. 3:

Íslenskur heilbrigðistækniðnaður á réttri braut

veldar einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum innan þess að koma á og vinna saman að þróunar- og útflutningsverkefnum.

Meginmarkmið vettvangsins er að stuðla að aukinni þróun og útflutningi heilbrigðistæknilausna frá Íslandi og koma um leið til móts við þarfir heilbrigðiskerfisins fyrir hagkvæmari og betri lausnir til að auka lífs- og lífslíkur sjúklinga. Hins vegar er

meiginhlutverk hans m.a. að hvetja fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga til að auka innlent og erlent samstarf um þróunar- og markaðsmál á sviði heilbrigðistækni.

Í verkefnisstjórn Heilbrigðisvettvangsins sitja fulltrúar fimm helstu hagsmuna- og fagaðila en þeir eru Samtök iðnaðarins, Heilbrigðistæknifélag Íslands, Nýsköpunarsjóður, Rannís og ráðuneytin.

Alþjóðleg ráðstefna á Radisson SAS Hótel Sögu
dagana 12.-13. september 2002

Merking fullveldis á 21. öldinni - viðhorf frá Íslandi -

Er gerlegt að halda fullkomnu
þjóðlegu fullveldi í Evrópu?

Hverjir eru kostir og gallar aðildar að ESB?

Á ráðstefnunni verður m.a. fjallað um framtíðarskipulag ESB, evruna og áhrif aðildar að ESB á vinnumarkaðinn, sjávarútveg og landbúnað.

Fyrirlesarar eru fjölmargir og hafa hver á sínu sviði mikla þekkingu á Evrópumálum:

Andrew Scott, prófessor í lögum við Háskólann í Edinborg
Auke Baas, lögfræðingur hjá lögfræðideild Evrópuþingsins í Brussel
Baldur Þórhallsson, lektor við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands
Einar Tarnimi, lögfr. hjá EFTA í Brussel og forst.m. Evrópuréttarstofnunar HR
Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra
Hans Petter Graver, prófessor í lögum við Háskólann í Osló
John A. Usher, prófessor í lögum við Háskólann í Edinborg
Michael Losch, í ráðuneyti Frans Fischlers fiskimálastjóra ESB
Niels Bracke, lögfræðingur hjá ráðherraráði ESB
Peter Cullen, deildarstjóri hjá ERA í Trier
Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins

Að loknum framsöguerindum verður ráðstefnunni skipt í þrjá umræðuhópa undir stjórn þeirra
Arna Páls Árnasonar hdl., Magnúsar M. Norðdahl hrl. og Þorsteins Þorgeirssonar hagfræðings.

Í lok ráðstefnunnar verða hringborðsumræður undir stjórn Andrews Scott um framtíðarskipulag
ESB. Þátt í þeim taka m.a. Bryndís Hlööversdóttir þingmaður og Þór Vilhjálmsson forseti EFTA
dómstólsins í Luxemborg.

Áhugamenn um Evrópurétt, evrópsk málefni og stöðu Íslands gagnvart
ESB ættu ekki að láta þetta einstaka tækifæri fram hjá sér fara.

Þátttökugjald er aðeins 200 evrur með ráðstefnugögnum og veitingum.

Skráning og nánari upplýsingar á www.si.is/esb/era